



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2026  
komudagur 15. 4. 2011

Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2011  
Tilvísun: 2011040004/00.03

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.**


Þjóðminjasafn Íslands þakkar bréf menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu nr. 280 um Skipasafn Íslands í Reykjanesbæ.

Þjóðminjasafn Íslands tekur undir umsögn safnaráðs, enda telur safnið mikilvægt að hugað verði enn betur að varðveislu skipa- og bátaarfs Íslendinga. Þjóðminjasafn Íslands fagnar því þeim áhuga sem flutningsmenn tillögunnar sýna þessum mikilvæga menningararfi. Vegna aðstöðuleysis og fjárskorts liggja ómetanlega sjóminjar, bátar- og skip, undir skemmdum víða um landið. Varðveislugildi þessara minja er mikið, en þær fela meðal annars í sér nákvæmar frumheimildir um ákveðið verklag og aðferðir á þessu sviði.

Það er afar mikilvægt forgangsmál að stutt verði við faglegt starf safna sem þegar eru starfandi á þessu sviði, en ýmis brýn og fjárfrek verkefni liggja þar fyrir. Hjá sjóminjasöfnum landsins er til staðar sérfræðipækking og aðstaða sem nýst getur í þágu þess verkefnis. Þjóðminjasafn Íslands og sjóminjasöfn um allt land standa nú þegar að faglegri samvinnu og hafa með sér samráðsvettvang, *Samband íslenskra sjóminjasafna*. Þjóðminjasafn Íslands hafði einmitt frumkvæði að því fyrir áratug.

Markviss varðveisla báta- og skipaminja er sannarlega mikilvægt verkefni, og tímabært að stutt verði við stefnumörkun og átak sem tryggja megi árangur á þessu sviði um allt land. Þjóðminjasafn Íslands er reiðubúið til þess að vera leiðandi á því sviði í samvinnu við sjóminjasöfn landsins og telur mikilvægt að fagleg forgangsröðun með árangursríka varðveislu skipa- og bátaminja að markmiði stýri ríkisfjármögnun á þessu sviði.

Með vinsemd og virðingu

  
Margrét Hallgrímsdóttir,  
þjóðminjavörðun